

Hafnarfjarðarkaupstaður
Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 15. nóvember 2016


Efni: Beiðni um rökstuðning

Mælt er fyrir um álagningu fasteignaskatts í 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt c-lið 3. gr. skal skatthlutfall á atvinnuhúsnæði vera 1,32% af fasteignamati. Sérstaka heimild er að finna í 4. mgr. sömu greinar til hækkunar þessa hlutfalls um allt að 25%.

Samkvæmt upplýsingum á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga um álagðan fasteignaskatt fyrir árið 2016 innheimtir Hafnarfjarðarkaupstaður hámarksprósentuna 1,65%, þ.e. sveitarfélagið leggur álag á fasteignaskatt fyrirtækja sem staðsett eru innan sveitarfélagsins.

Félag atvinnurekenda (FA) óskar eftir rökstuðningi Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir beitingu heimildar framangreindra laga til að leggja álag á fasteignaskatt. Auk þess óskar FA upplýsinga um hvort kostnaðarmat liggi að baki ákvörðun sveitarfélagsins að beita álagsheimildinni. Ef slíkt kostnaðarmat er til, óskar FA eftir afriti af því sem og þeim útreikningum og gögnum sem að baki því liggja. Óskað er eftir þessu kostnaðarmati fyrir síðustu fjögur ár. Hafi slíkt kostnaðarmat ekki farið fram er óskað eftir staðfestingu sveitarfélagsins þar á.

Virðingarfyllst,



Inga Skarphéðinsdóttir, lögfræðingur FA